



## Málstofa Sálfræðideildar

Fimmta málstofa haustannar 2008 verður *miðvikudaginn 26. nóvember kl: 12:00 – 13:00 í stofu 101* í Odda, húsi Félagsvísindadeildar HÍ.

Dr. Árni Kristjánsson, Dósent við Sálfræðideild Háskóla Íslands mun flytja erindið:

*„Meðferðarúrræði við gaumstoli: Áhrif prismaaðlögunar og hálstitrunar á frammistöðu í sjónleitarverkefnum”.*

Gaumstol er taugabilun í kjölfar heilaskemmda, oftast vegna heilablóðfalls. Taugabilunin lýsir sér að jafnaði þannig að sjúklingur tekur ekki eftir eða bregst ekki við því sem á sér stað í vinstra skynsviði. Í erindinu mun Árni greina frá rannsóknum sínum og samstarfsfélaga á því hvernig gaumstolseinkenni koma fram í sjónleitarverkefnum. Einnig mun hann greina frá rannsóknum þeirra á meðferðarúrræðum við gaumstoli og hvað niðurstöðurnar segja um eðli gaumstols og sjónskynjunar.

Árni lauk BA prófi í Sálfræði árið 1996 með Heimspeki sem aukagrein. Árið 2002 lauk hann doktorsgráðu í Sálfræði frá Harvard University. Á árunum 2002 til 2004 starfaði Árni sem vísindamaður (Honorary research fellow) við Institute of Cognitive Neuroscience (University College London) og var styrktur af Human Frontiers Science Program. Hann var lektor við sálfræðiskor HÍ frá árinu 2004 til 2006. Árni gegndi stöðu skorarformanns í sálfræði frá árinu 2006 til ársins 2008. Hann hefur starfað sem dósent við sálfræðiskor, nú Sálfræðideild HÍ, frá árinu 2006.

**Málstofan er öllum opin.**